

Nd.

103. Frumvarp til laga

[78. mál]

um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Tilgangur Fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja sjávarútveg Íslendinga, einkum bátaútveginn, með hagkvæmum stofnlánnum, sbr. 4. gr.

2. gr.

Tekjur Fiskveiðasjóðs eru:

1. Útflutningsgjöld af sjávarafurðum, sem rikissjóður innheimtir samkvæmt lögum nr. 81 5. júní 1947.
2. Vextir.

3. gr.

Fiskveiðasjóður má taka lán til starfsemi sinnar, þegar þörf krefur að áliti sjávarútvegsráðherra.

Er rikissjóði heimilt að ábyrgjast lán fyrir sjóðinn í þessu skyni allt að 50 millj. kr.

4. gr.

Fiskveiðasjóður má eingöngu lána til:

- a. Fiskiskipa, þar með taldir opnir vélbátar. Skip innan 200 rúmlesta sitja fyrir lánnum.
- b. Vinnslustöðva fyrir sjávarafurðir svo og annarra mannvirkja, sem bæta aðstöðu til útgerðar og hagnýtingar sjávaraflla.

5. gr.

Fiskveiðasjóður lánar einungis gegn fyrsta veðrétti. Mega lán nema allt að $\frac{2}{3}$ — tveimur þriðju hlutum — af kostnaðarverði eða virðingarverði nýrra fiskiskipa og $\frac{1}{2}$ — þremur fimmtu hlutum — til nýrra fiskvinnslustöðva og annarra fasteigna útvegsins. Til nýrra fiskiskipa, sem smiðuð eru innanlands, mega þó lán nema allt að $\frac{3}{4}$ hlutum kostnaðar- eða virðingarverðs. Hámark lána er kr. 1 250 000.00 — ein milljón tvö hundruð og fimmtíu þúsund — til fiskiskipa og kr. 600 000.00 — sex hundruð þúsund — til fasteigna. Lengsti lánstími er 20 ár.

6. gr.

Vextir af lánnum Fiskveiðasjóðs til skipa skulu vera 4%, en af öðrum lánnum 6% á ári og greiddast fyrirfram. Gjaldþagi lána er 1. nóvember ár hvert. Dráttarvextir skulu vera $\frac{3}{4}$ % fyrir hvern mánuð, sem greiðsla dregst.

7. gr.

Skylt er þeim, sem lán fá úr Fiskveiðasjóði, að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum fyrirtækja sinna í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

8. gr.

Eignir þær, er Fiskveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð sjóðsins. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Fiskveiðasjóðsins megi tilnefna þá menn, er skuli framkvæma virðingargerðir. Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

9. gr.

Verði eigendaskipti að eign, sem veðsett er Fiskveiðasjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðsstjórninni eigendaskipti þegar í stað.

10. gr.

Nú er lán úr Fiskveiðasjóði eigi greitt á réttum gjaldþaga eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það eigi er svo tryggt sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjaldþaga þegar án uppsagnar.

11. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Fiskveiðasjóðurinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt 39. gr. laga nr. 95 5. júní 1947, eða láta leggja það Fiskveiðasjóðnum út til eignar, ef þörf er á.

Fiskveiðasjóðurinn þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur unnt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómsskoti.

Fiskveiðasjóðurinn ber hins vegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóðurinn getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

12. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðngaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Fiskveiðasjóðnum, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo timanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

13. gr.

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Bækur sjóðsins og kvittanir, svo og skuldabréf fyrir lánnum úr sjóðnum, umboð, veðleyfi og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum, eru undanþegin stimpilgjaldi. Eignar- og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

14. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun. Yfirumsjón hans er í höndum ráðherra þess, er fer með sjávarútvegs mál.

Útvegsbanki Íslands h/f í Reykjavík hefur á hendi framkvæmdarstjórn sjóðsins og rekstur.

Skipun forstjóra sjóðsins er háð samþykki ráðherra.

15. gr.

Reikningar Fiskveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, er ráðherra skipar.

Eftir hver áramót gefur sjóðsstjórnin ráðherra fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

Í reglugerð fyrir Fiskveiðasjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og rekstur, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bág við nein ákvæði í lögnum.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 34 2. apríl 1943, lög nr. 107 30. desember 1943, lög nr. 39 29. apríl 1946 og lög nr. 120 20. desember 1951.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 12. apríl 1954 voru samþykktar á Alþingi tvær þingsályktunartillögur um endurskoðun laga nr. 34 1943, um Fiskveiðasjóð Íslands. Út af þessu skipaði atvinnumálaráðherra þá Gunnlaug E. Briem skrifstofustjóra, Sigtrygg Klemenzson skrifstofustjóra, Davíð Ólafsson fiskimálastjóra og Elías Halldórsson forstjóra, til þess að annast þessa endurskoðun.

Nefndin hefur samið framangreint frumvarp ásamt eftirfarandi greinargerð:

„Á fyrstu árunum eftir styrjöldina mátti heita, að fiskiskipafloti landsmanna væri byggður upp að nýju. Var hér um að ræða mikið átak miðað við fjárhagslega getu þjóðarinnar. Gerðar voru sérstakar ráðstafanir af hálfu þess opinbera til þess að auðvelda útgerðinni þessa endurnýjun fiskiflotans, með setningu laganna um stofnlána-deild sjávarútvegsins. En svo sem kunnugt er byggðust lánveitingar deildarinnar á þeim 100 millj. kr., sem til hennar voru lagðar af Landsbanka Íslands, en áttu síðan að renna til bankans aftur. Var því eigi hér um framtíðarlausn að ræða.

Fiskveiðasjóður Íslands er að þessu frátöldu eina lánsstofnunin, sem stofnlán hefur veitt til sjávarútvegsins.

Það var hins vegar ljóst, að ef halda átti við á eðlilegan hátt þeim fiskiskipastóli, sem byggður var að lokinni styrjöldinni, þá var geta Fiskveiðasjóðs, með þeim tekjum, sem honum eru ætlaðar, ekki næg til að sinna þeim verkefnum. Einnig hlaut að koma að því, að ekki mundi nægja að ætla sér einungis að halda við þeim flota, sem byggður hafði verið, heldur varð að gera ráð fyrir eðlilegri aukningu, þegar frá liði.

En fiskiflotinn er aðeins annar liðurinn í uppbyggingu sjávarútvegsins. Hinn liðurinn, sem í rauninni er ekki þýðingarminni, er hagnýting þess afla, sem á land kemur.

Þrátt fyrir það að mikið hefur verið byggt af fiskvinnslustöðvum síðastliðin 10—15 ár má þó segja, að stofnlánaveitingar hafi miðast meira við aukningu fiskiskipaflotans. Það veldur því aftur á móti, að þörfin fyrir stofnlán til fiskvinnslustöðvanna er nú enn brýnni en elli. Til skamms tíma var verulegur hluti afla togaraanna fluttur úr landi óunninn, en á því hefur nú orðið mikil breyting m. a. vegna löndunarbandansins í Bretlandi. En jafnvel þótt banninu yrði aflétt, má gera ráð fyrir, að áframhald verði á því, að verulegur hluti togaraaflans verði unninn í landinu. Auk þess hefur hin nýja friðun fiskimiðanna leitt til verulega aukins afla, og er þess að vænta, að sú aflaukning haldist í framtíðinni og verði jafnvel enn meiri en nú er komið á daginn.

Efling fiskiðnaðarins á styrjaldarárunum og fyrst eftir styrjöldina var oft gerð af vanefnum og takmarkaðri reynslu, sem hefur leitt til þess, að nokkur hluti vinnslustöðvanna stenzst nú ekki þær kröfur, sem gera verður til slíkra stöðva, um afköst, tækni og allan útbúnað. Mikil þörf er því á endurbótum á þessu sviði. En auk þess verður ekki komið hjá því að byggja allmikið af nýjum fiskvinnslustöðvum svo sem frystihús, hús fyrir saltfiskverkun og skreiðarverkun, ef mögulegt á að vera að vinna þann afla, sem líklegt er að berist á land.

Loks er eitt atriði, sem ekki verður komið hjá að sinna meira en unnt hefur verið hingað til, en það er bygging verbúða fyrir bátaflotann. Er víða mjög áfátt í þessu efni og ekki viðunandi til frambúðar.

Öll þau verkefni, sem hér hafa verið nefnd, bygging fiskiskipanna, endurbætur og aukning fiskvinnslustöðvanna og bygging verbúða, krefjast mikils fjármagns, sem ekki er fyrir hendi eins og er.

Eins og áður var sagt, er Fiskveiðasjóðurinn nú eina lánsstofnunin, sem veitir stofnlán til þessara framkvæmda. Geta sjóðsins hefur þó undanfarin ár ekki hrokkið til að sinna þeirri eftirspurn, sem verið hefur eftir stofnlánum til fyrirtækja sjávarútvegsins, og um síðustu áramót var svo komið, að lánbeiðnir hjá sjóðnum voru 50% meiri en handbært fé sjóðsins nam á þeim tíma.

Þó er fyllilega vitað, að lánaþörfin var mun meiri, þar sem menn leituðu ekki til Fiskveiðasjóðs vegna vitneskju um, að ekki var unnt að sinna lánabeiðnunum. Átti þetta sérstaklega við um fiskvinnslustöðvarnar, en auk þess gerðu lög sjóðsins ekki ráð fyrir, að lán yrðu veitt til verbúðabygginga. Þá er og fyrirsjáanlegt, að þær tekjur, sem sjóðnum eru nú ætlaðar, munu ekki nema meiru en því, sem ætla má að þurfi til nauðsynlegra lána vegna endurbóta og viðhalds bátaflotanum.

Í lok september þ. á. var þannig ástatt, að öllu handbæru fé sjóðsins var lofað fyrir fram til útlána, þar af um 8½ millj. kr. vegna fiskiskipa í smíðum. Á biðlista voru þá beiðnir um lán til bygginga fiskiskipa:

Innlend smíði	12 skip
Erlend smíði	26 —

og má áætla lánsfjárbörf þeirra, miðað við útlánareglur þessa frumvarps 25 til 27 millj. króna.

Auk þessa er vitað, að á döfinni voru í lok ágúst mánaðar beiðnir um aðstoð til bygginga um 35 skipa, og er líklegt, að lánsfjárbörf þeirra yrði sem næst 25 milljónum króna.

Þá er ótalin þörfin fyrir lánsfé til bygginga vinnslustöðva og verbúða.

Nefndin hefur rætt all ýtarlega við bankastjóra Framkvæmdabanka Íslands um þessi mál. Eftir að málið hafði verið athugað, var nefndinni tjáð, að Framkvæmdabankinn mundi í framtíðinni veita lán til bygginga og endurbóta frystihúsa og annarra fiskverkunarstöðva, eftir því sem hann hefur fjármagn handbært og samrýmanlegt er öðrum verkefnum hans.

Með skirskotun til þessa hefur nefndin talið, að framvegis gæti raunin orðið sú, að Framkvæmdabankinn lánaði einkum í meiri háttar fiskiðjuver og fiskvinnslustöðvar, en Fiskveiðasjóður sinnti lánnum til verbúða og annarra minni fasteigna í þágu bátautvegsins. Eru áætlanir þær, er hér fara á eftir, reistar á því að framkvæmdin verði með þessum hætti.

En þrátt fyrir það, þó þessi verði raunin, raskar það eigi því, að Fiskveiðasjóðurinn hefur ríka þörf fyrir aukið fjármagn svo sem eftirfarandi áætlanir frá forstjóra sjóðsins sýna.

Fiskifélag Íslands hefur áætlað að til þess að viðhalda vélskipaflotanum sæmlega, þyrfti árleg nýsmíði að vera um 1000 rúmlestir.

Hér að framan er greint frá, að sótt sé um nýsmíði á 73 skipum. Ekki er vitað um fyrirhugaða stærð allra þessara skipa, en þó má áætla meðalstærð 55—60 rúmlestir. Samtals yrðu þessi skip um 4000 til 4400 rúmlestir.

Enda þótt þessar óskir, sem verður að viðurkenna að gefa ekki rétta mynd af raunveruleikanum, séu látnar liggja á milli hluta, og aðeins haldið sér að fyrri áætlunum um, að nýsmíðin verði 1000 rúmlestir árlega, þá krefst sú nýsmíði 15.5 millj. kr. lánsfjár á ári.

Þegar þessi áætlun Fiskifélagsins var gerð, var ekki reiknað með þeirri aukningu smábátaflotans, sem síðar hefur komið í ljós, að þörf er fyrir. Þykir ekki mega áætla lánsfjárbörfina í þessu skyni undir 1½ milljón kr. á ári.

Þá eru lán til endurnýjunar aflvéla í fiskiskipaflotanum stór liður í lánastarfsemi Fiskveiðasjóðs. Samkvæmt reynslu síðustu ára mun ekki veita af a. m. k. 7 millj. kr. árlega til slíkra lánveitinga.

Ekki er unnt að gera sér fulla grein fyrir lánaþörf til bygginga verbúða og smærri fiskvinnsluhúsa, en óvarlegt þykir að áætla í þessu skyni minna en 4 millj. króna á ári.

Tekjur Fiskiveiðasjóðs og umráðafé er:

Vextir, afborganir og hluti sjóðsins af útflutningsgjaldi.

Ef miðað er við, að Fiskveiðasjóður annist lánveitingar

1. til nýbyggingar vélskipaflotans um 1000 rúmlestir á ári og að auki til smábátanna,
2. til endurnýjunar aflvéla í bátaflotann eftir því, sem með þarf og
3. til verbúða og smærri vinnslustöðva um 4 millj. króna á ári.

Þá má hugsa sér eftirfarandi áætlun um starfsemi sjóðsins:

Útlánin eru 30. sept. 1954 um	kr. 55 000 000.00
Verða sennilega í ársbyrjun 1955	— 60 000 000.00
Þá verða óafgreidd lánsloforð um	— 10 000 000.00

og ef auk þess yrði lánað 1955:

1. Til endurnýjunar bátaflotans	kr. 17 000 000.00
2. — vélakaupa	— 7 000 000.00
3. — verbúða og fiskhúsa	— 4 000 000.00
	<hr/>
	— 28 000 000.00
	Kr. 98 000 000.00
÷ afborganir, ½ af 60 millj.	— 3 000 000.00
Útlán 31. des. 1955	Kr. 95 000 000.00

Áætlun um útlán.

Ár	Útlán áætluð í ársbyrjun	Áætlaðar afborganir ca. ½	Áætlaðar lánveitingar á árinu	Útlán alls, áætluð í árslok
1955 ..	60 000 000.00	3 000 000.00	38 000 000.00	95 000 000.00
1956 ..	95 000 000.00	5 000 000.00	28 000 000.00	118 000 000.00
1957 ..	118 000 000.00	6 000 000.00	28 000 000.00	140 000 000.00
1958 ..	140 000 000.00	7 000 000.00	28 000 000.00	161 000 000.00
1959 ..	161 000 000.00	8 000 000.00	28 000 000.00	181 000 000.00

Áætlaður tekjur.

Ár	Vextir*)	Afborganir	Útflutningsgj.	Alls
1955 ..	2 400 000.00	3 000 000.00	7 000 000.00	12 400 000.00
1956 ..	3 800 000.00	5 000 000.00	7 000 000.00	15 800 000.00
1957 ..	4 700 000.00	6 000 000.00	7 000 000.00	17 700 000.00
1958 ..	5 600 000.00	7 000 000.00	7 000 000.00	19 600 000.00
1959 ..	6 400 000.00	8 000 000.00	7 000 000.00	21 400 000.00

Áætlun.

Ár	Ný lán á árinu millj. kr.	Innheimtar afborganir millj. kr.	Fjárbörf til útlána millj. kr.	Vextir og útfl.gj. millj. kr.	Greiðslu-halli millj. kr.
1955	28	3	25	9.4	15.6
1956	28	5	23	10.8	12.2
1957	28	6	22	11.7	10.3
1958	28	7	21	12.6	8.4
1959	28	8	20	13.4	6.6
					<hr/>
					53.1

Í framhaldi af framanritaðri greinargerð nefndarinnar vill atvinnumálaráðherra vekja athygli Alþingis á þeirri hugmynd að sameina Stofnlánadeild sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóð. Atvinnumálaráðherra hefur þó ekki talið ástæðu til að ræða þetta mál við stjórn Landsbankans meðan ekki er útséð um, hvort lán þau, sem gert er ráð fyrir í 3. gr. frumvarpsins, reynast fáanleg, en slíkar viðræður eru að sjálfsögðu eðlilegur undanfari þess, að sú tillaga verði borin fram.

Enn fremur vill atvinnumálaráðherra benda á, að þar eð vitað er, að allverulegur tekjuafgangur verður á ríkisbúskapnum á þessu ári, mundi æskilegt, að nokkrum hluta þess fjár yrði varið til þess að bæta úr brýnni þörf Fiskveiðasjóðs fyrir auknið starfsfé og lagt sjóðnum sem óafturkræft framlag.

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

*) Þ. e. 4% af útlánnum í ársbyrjun.

Áætlað er, að vextir af bankainnstæðum nægi fyrir rekstrarkostnað sjóðsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að felld verði niður upptalning 1. gr. núgildandi laga á þeim fyrirtækjum útvegsins, sem Fiskveiðasjóður má lána til, sbr. athugasemdir við 4. gr.

Um 2. gr.

Lög nr. 81/1947 kveða nú á um útflutningsgjald af sjávarafurðum og um skiptingu þess milli Fiskveiðasjóðs og annarra aðila.

Um 3. gr.

Í 3. gr. núgildandi laga er lántökuheimild Fiskveiðasjóðs og ríkissjóðs vegna sjóðsins bundin við 4 millj. kr.

Með skírskotun til þess, sem segir í formála þessara athugasemda um fjárför Fiskveiðasjóðs, virðist hentugast, að lántökuheimild Fiskveiðasjóðs verði ekki bundin við ákveðna upphæð. Hins vegar er ábyrgðarheimild ríkissjóðs bundin við 50 millj. kr. Miðað við eignir sjóðsins, tekjur hans og útlánastarfsemi, ætti áhætta ríkissjóðs að vera hverfandi af þessari ábyrgð.

Um 4. gr.

4. gr. núgildandi laga hefur að geyma upptalningu á þeim eignum, sem Fiskveiðasjóður má lána út á. Slík upptalning getur fljótlega orðið úrelt og er þegar orðin það.

Í 4. gr. frumvarpsins eru einungis nefnd fiskiskip og vinnslustöðvar fyrir sjávarafurðir, svo og önnur mannvirki, sem bæta aðstöðu til útgerðar og hagnýtingar sjávarafla.

Ákvæði þetta er mjög rúmt og fellur þar undir meðal annars verbúðir, sem brýna nauðsyn ber til að reisa í flestum verstöðvum landsins. Þá skal á það bent, að þar sem fiskiskipin eru stærri nú en 1943, þegar löggin voru sett, þykir rétt að hækka hámarksstærð skipa, sem eiga að sitja fyrir lánnum, úr 150 rúml. í 200 rúml.

Um 5. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er höfuðreglan sú, að veita má allt að 50% fyrsta veðréttarlán út á ný fiskiskip. Enn fremur má veita 25% viðbótarlán, meðan fé hrekkur til, úr hinni sérstöku deild, sem um ræðir í 8. gr. laganna. Hentugt þykir að sameina þessar lánaheimildir. Vitað er, að fiskiskip, sem byggð eru hér á landi, eru nokkru dýrari en skip byggð erlendis, en hins vegar er meiri trygging fyrir því, að innanlandsskipin séu traustlega byggð. Þykir því rétt að lán til skipa byggðra innanlands megi nema allt að $\frac{3}{4}$ hlutum kostnaðar- eða virðingarverðs eða nokkru hærri upphæð en til skipa smíðaðra erlendis. Auk þess mun þessi skipan styrkja innlenda skipasmíði, sem einnig er útvegsmönnum til hagsbóta.

Í frumvarpsgreininni er lagt til, að hámarkslán til skipa hækki vegna aukins byggingarkostnaðar úr 750 þús. kr. í kr. 1 250 000.00. Á sama hátt er gert ráð fyrir hækkun á lánnum út á vinnslustöðvar og aðrar fasteignir útvegsins úr 500 þús. kr. í kr. 600 000.00, en þó ekki yfir 60% af kostnaðar- eða matsverði.

Um 6. gr.

Þegar ákvæði 8. gr. gildandi laga um vaxtalaus viðbótarlán til skipa voru sett, voru almennir vextir mun lægri en nú. Þar sem nú er svo komið, að sjóðurinn verður að fara að starfa með lánsfé gegn hærri vöxtum en hann tekur sjálfur, þá þykir rétt, að þessi lán verði framvegis öll veitt gegn venjulegum útlánsvöxtum sjóðsins af skipalánnum. Auk fyrrgreindrar breytingar á vöxtum af lánnum til skipa er ráðgert, að öll önnur lán sjóðsins, þ. e. út á fasteignir í landi, vinnslustöðvar, o. s. frv., beri eftirleiðis 6% vexti á ári.

Yfirlétt mun mega telja, að vinnslustöðvarnar eigi hægra með greiðslur en útgerðin, og mun ekki af veita fyrir sjóðinn, sbr. það, sem áður segir um lánsfé. Þrátt fyrir þessa hækkun yrðu vextir af slíkum lánnum þó ekki hærri en nú eru í sparisjóðum af innlánsfé með 6 mánaða uppsagnarfresti.

Um 7. gr.

Hér er um nýtt ákvæði að ræða, sem virðist eðlilegt.

Um 8.—13. gr.

Þessar greinar eru nær samhljóða gildandi lagaákvæðum og þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Frumvarpsgreinin er efnislega samhljóða 17. gr. laganna, og er þar tekið fram berum orðum, að skipun forstjóra sjóðsins skuli háð samþykki ráðherra, svo sem verið hefur í framkvæmd.

Um 15. gr.

Lagt er til, að 2. mgr. 19. gr. laganna verði felld burtu. Ekki virðist ástæða til, að ráðherra verði sent á miðju reikningsári yfirlit yfir hag sjóðsins, sem birt sé í B-deild Stjórnartíðindanna. Nægilegt er, að ársreikningurinn sé birtur í Stjórnartíðindum.

Sjávarútvegsmálaráðherra, sem hefur yfirumsjón Fiskveiðasjóðs, getur að sjálf-sögðu hvenær sem er krafizt allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Um 16.—18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.